

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á EES-samningnum sem tekin var með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 2001.

Eftirtalin ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem tekin var með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 2001, hefur öðlast gildi á árinu 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 57/2002.

Ákvörðunin og EB-gerðin sem vísað er til í henni hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

| Nr.      | Dags.      | Efni                                                                                                                                                                                                                             | Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB | Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun | Gildistaka |
|----------|------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------|-----------------------------------------|------------|
| 164/2001 | 11.12.2001 | Breyting á bókun 26 við EES-samninginn um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar.<br><br>(Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.) | 13. hefti, 2002, bls. 26                     | 12.12.2001                              | 1.2.2003   |